



Sjúkratryggingar

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Viðbrögð Sjúkratrygginga Íslands	6
4	Fjárheimildir og rekstur	8
4.1	Fjárheimildir	8
4.2	Rekstraráætlun.....	9
4.3	Niðurstaða.....	9
5	Innra eftirlit.....	10
5.1	Inngangur	10
5.2	Umfjöllun	10
5.3	Niðurstaða.....	11
6	Samningar um heilbrigðisþjónustu.....	12
6.1	Inngangur	12
6.2	Samningagerð og eftirlit.....	12
6.3	Niðurstaða.....	13
7	Endurskoðun rekstrarliða	14
7.1	Þjálfun	14
7.2	Tannlæknakostnaður	15
7.3	Niðurstaða.....	15
8	Endurskoðun efnahagsliða	17
8.1	Eignir	17
8.1.1	Langtímakröfur	17
8.1.2	Ríkissjóður.....	18
8.1.3	Viðskiptakröfur	18
8.1.4	Sjúkrakostnaður vegna EES-landa.....	19
8.1.6	Næsta árs afborgun af langtímakröfu.....	19
8.2	Eigið fé og skuldir	19
8.2.1	Höfuðstóll	19
8.2.2	Yfirdráttarlán.....	19
8.2.3	Staðgreiðsla skatta.....	20
8.2.4	Viðskiptaskuldir.....	20
8.3	Niðurstaða.....	21
9	Önnur atriði	22
9.1	Samþykkt ársreiknings	22
9.2	Lögfræðibréf	22
9.3	Óhæðisyfirlýsing.....	22

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Sjúkratrygginga, fjárlagaliðar 08-206 fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Sjúkratrygginga og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur Sjúkratrygginga Íslands eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Sjúkratrygginga var síðast endurskoðaður á árinu 2016 vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Sjúkratrygginga fyrir árið 2016 er lokið. Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir eru gerðar vegna endurskoðunar 2016:

1. Eftirlitsaðgerðir

Huga þarf betur að skilgreindum eftirlitsaðgerðum við afgreiðslu réttinda. Sérstaklega má benda á kerfisbundna skráningu á reikningum sem er hafnað og að lotun í upplýsingakerfum sé gerð möguleg, þannig að hægt sé að gera afstemmingu milli fjárhagsbókhaldskerfis og einstakra réttindakerfa s.s. vegna þjálfunar og tannlæknakostnaðar.

2. Innri endurskoðun

Ríkisendurskoðun bendir Sjúkratryggingum á þann möguleika að koma á innri endurskoðun í skipulagi stofnunarinnar þar sem hægt væri að forgangsraða úttektum á eftirliti samkvæmt fyrirfram samþykktri áætlun.

3. Öryggi kerfa

Mikilvægt er að auka upplýsingaöryggi í þeim kerfum sem notuð eru við afgreiðslu réttinda. Nauðsynlegt er að sett verði formleg upplýsingatæknistefna, formlegt áhættumat verði gert og það endurskoðað með reglulegum hætti, lágmarkskröfur verði settar til þeirra upplýsingakerfa sem senda inn rafræna reikninga og aðgangsheimildir verði takmarkaðar enn frekar í raunumhverfi auk fleiri atriða tengdum upplýsingaöryggi sem nefnd eru í kafla 5.2.

4. Tannlæknakostnaður

Sérstaklega þarf að huga að kerfum sem notuð eru við afgreiðslu tannlæknakostnaðar, m.a. með vottun þeirra þar sem afgreiðsla tannlæknakostnaðar er að öllu leyti rafræn og sjálfvirk eftirlit í TLK-kerfi liggur til grundvallar greiðslum til tannlækna. Reglulega þarf að gera kannanir á því að afgreiðslur úr kerfinu séu með eðlilegum hætti. Það vantar eftirlitskerfi innan rafræna kerfisins en búið er að senda kröfulýsingu um það til tölvudeildar. Brýnt er að í þessum eftirlitskerfum verði fylgst sérstaklega með afgreiðslu bakfærðra reikninga.

5. Viðskiptakröfur

Ítrekuð er athugasemd við greiðslu- og bókhaldstillögum á ýmsum verkefnum sem velferðarráðuneyti hefur falið Sjúkratryggingum að annast en samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum eru flestar greiðslur sem Sjúkratryggingum er falið að sjá um f.h. ráðuneytisins komnar í það ferli að kostnaður er bókfærður beint í Orra. Eftir standa þó enn nokkrir liðir þar sem ferlið er í vinnslu. Í lok árs 2016 var krafa á velferðarráðuneyti 416,6 m.kr. vegna þessara verkefna.

Ekki eru fyrirbyggjandi formlegar verklagsreglur og vinnulýsingar vegna innheimtu krafna. Í einhverjum tilvikum eru slíkar verklagsreglur þó til í drögum. Ítrekuð er ábending um að

útgáfu slíkra reglna verði hraðað og sérstaklega verði hugað að skilvirkni innheimtuferils og aðkomu fjármálasviðs að innheimtunni við gerð slíkra reglna. Ríkisendurskoðun beinir því þeim tilmælum til Sjúkratrygginga að settar verði nánari reglur eða reglugerð um innheimtuna í samráði við velferðarráðuneyti.

6. Viðskiptaskuldir

Koma þarf afstemmingarvinnu við stærstu lánardrottna í ákveðið ferli og setja verklagsreglur hjá Sjúkratryggingum um greiðslu og uppgjör skulda og greiðslu til lánardrottna. Halda þarf áfram að afla upplýsinga um bankareikninga hjá þeim sjúkratryggðu einstaklingum sem eiga inni hjá Sjúkratryggingum. Jafnframt þarf stofnunin að leita leiða til að kynna betur fyrir almenningi réttindagátt stofnunarinnar en í henni fá einstaklingar m.a. upplýsingar um inneign sína hjá Sjúkratryggingum.

7. Samningar um heilbrigðisþjónustu

Sjúkratryggingar Íslands gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að samningagerð um heilbrigðisþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að ákveða hvaða eftirlit þarf að vera til staðar og í hverju það felst m.t.t. aðskilnaðar á samningagerð og eftirliti með samningum.

3 Viðbrögð Sjúkratrygginga Íslands

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Sjúkratryggingum Íslands vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2016 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 2.

1. Eftirlitsaðgerðir

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eru sammála athugasemdum Ríkisendurskoðunar. Mjög brýnt er að skilgreina betur og framkvæma frekara eftirlit með skipulagðari hætti en nú er gert. Ekkert svigrúm er hins vegar til þess að auka eftirlitið m.v. núverandi fjárheimildir, nema með því að stofna öðrum mikilvægum verkefnum í hættu. SÍ munu taka þetta mál upp við velferðarráðuneyti.

Hvað varðar afstemmingu milli fjárhagsbókhalds og einstakra réttindakerfa þá hefur þegar verið sett af stað vinna sem lýtur að því að greina verkefnið. Fyrstu niðurstöður benda til þess að verkefnið geti orðið umfangsmikið, sem þarf þá að finna stað og sækja fjármagn til. SÍ munu taka þetta mál upp við velferðarráðuneyti.

2. Innri endurskoðun

SÍ eru sammála því að það að koma á innri endurskoðun sem myndi greina innra eftirlit stofnunarinnar er eftirsóknarvert. Ekki er svigrúm til þess að koma þessu við m.v. núverandi fjárheimildir. SÍ munu taka þetta mál upp við velferðarráðuneyti.

3. Öryggi kerfa

SÍ taka heils hugar undir ábendingar Ríkisendurskoðunar hvað þetta varðar. Formlegt áhættumat, greining á virkni kerfa og lágmarkskröfur til upplýsingatæknikerfa eru gríðarlega mikilvæg atriði í því að tryggja sem best öryggi og réttmæti réttindaákvörðunar og greiðslna til veitanda heilbrigðisþjónustu.

Svigrúm til að koma þessu við m.v. núverandi fjárheimildir er ekki fyrir hendi. SÍ munu taka þetta mál upp við velferðarráðuneyti.

4. Tannlæknakostnaður

Hér er Ríkisendurskoðun að heimfæra áður framkomnar athugasemdir um eftirlit og öryggi tölvukerfa á tannlæknakerfið. SÍ taka enn og aftur undir með Ríkisendurskoðun hvað þau atriði varðar.

5. Viðskiptakröfur

Ekki eru til formlegir verkferlar fyrir innheimtu viðskiptakrafna hjá SÍ. Þrátt fyrir það er notað óformlegt verklag þess efnis að fagsviðin sem mynda kröfur eru í sambandi við þá sem skulda stofnuninni og krefja þá um að greiða. Skýra þarf hlutverk fjármála- og rekstrarsviðs í innheimtu.

Á árinu 2017 voru unnin tvö lögfræðileg álit innanhúss um innheimtu og fengust þar svör við mikilvægum spurningum sem nýtast við setningu formlegs verklags um innheimtuna. Nú, snemma árs 2018, er búið að setja það verkefni á starfsáætlun fjármála- og rekstrarsviðs árið 2018 og er þegar búið að setja niður drög að greiningu verkefnisins. Í framhaldinu þarf að taka málið upp við velferðarráðuneyti.

6. Viðskiptaskuldir

Afstemmingum við birgja hefur ekki verið sinnt sem skyldi þau ár sem SÍ hafa starfað. Við skoðun á verkefninu kemur í ljós að árið 2016 eru 42 aðilar sem eru í viðskiptum við SÍ sem nema 100 m.kr. eða meira á ársgrunni. Þar af eru 4 aðilar með viðskipti við SÍ yfir 1 ma.kr. á ári.

7. Samningar um heilbrigðisþjónustu

Gerð samninga um heilbrigðisþjónustu er mikilvægur þáttur í starfsemi Sjúkratrygginga Íslands, sem meðal annars endurspeglast í því að í ársbyrjun 2018 er stofnunin aðili að 249 þjónustusamningum. Samningarnir eru gerðir í umboði heilbrigðisráðherra og í samræmi við stefnumörkun hans á hverjum tíma. Samkvæmt reglugerð um samningsgerðina hefst undirbúningurinn með frumathugun eða úttekt og eru niðurstöðurnar lagðar fyrir ráðherra áður en gengið er til samninga. Eftir atvikum er síðan haft samráð við ráðherra við sjálfa samningsgerðina. Eftir að samningar hafa verið undirritaðir af SÍ og þjónustuveitanda taka þeir síðan ekki gildi fyrr en heilbrigðisráðherra hefur staðfest þá. Þegar samningar eru gerðir til lengri tíma en eins ár er jafnframt gerð krafa um að fjármála- og efnahagsráðherra staðfesti þá.

Með hliðsjón af framansögðu má ljóst vera að verkaskipting og vinnulag tryggir ákveðinn aðskilnað á samningsgerð og eftirliti með samningum. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að aðrar starfseiningar innan SÍ en „Deild samningamála“ annast framkvæmd samninga og þar með fjárhagslegt eftirlit, svo og eftirlit með gæðum og árangri umsaminnar þjónustu. Faglegt eftirlit er á vegum Embættis landlæknis og er haft samráð við embættið um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits sem er á vegum SÍ.

Unnið hefur verið að því að styrkja eftirlitsþátt starfseminnar m.a. með sérstökum skilagreinum við lok stærri samninga, þar sem ekki aðeins er gerð grein fyrir fyrirhuguðu umfangi og kostnaði á samningstíma, heldur einnig samningskröfum til SÍ sem framkvæmdaraðila og verkkaupa. Enn er margt ógert og taka SÍ undir það með Ríkisendurskoðun að mikilvægt sé að skilgreina vel hið margþætta eftirlit sem fylgir gerð samninga og umsýslu með greiðslum fyrir veitta þjónustu.

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Heildarútgjöld til Sjúkratrygginga námu 36.051,4 m.kr. í fjárlögum 2016. Í fjáraukalögum var fjárheimild hækkuð um 3.637,0 m.kr. Millfært var á liðinn samtals 253,7 m.kr. Þannig námu heildarframlög ársins samtals 39.942,1 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

í m.kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Tekjur:					
Sértekjur	0,0	0,0	0,1	-0,1	5,1
Tekjur samtals	0,0	0,0	0,1	-0,1	5,1
Gjöld:					
Lækniskostnaður	9.272,6	10.360,5	10.204,2	156,3	9.045,9
Lyf	7.859,8	8.459,8	8.362,3	97,5	8.557,5
Lyf með s-merkingu	6.266,4	7.223,4	7.250,8	-27,4	6.565,3
Hjálpartæki	3.564,3	4.014,3	4.249,8	-235,5	3.661,0
Hjúkrun í heimahúsum	250,9	258,4	247,1	11,3	227,5
Þjálfun	2.417,1	2.684,8	2.668,7	16,1	2.275,3
Tannlækningar	2.964,4	3.124,4	3.157,4	-33,0	2.804,5
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	773,9	773,9	783,8	-9,9	764,2
Brýn meðferð erlendis	1.665,6	2.005,6	1.878,6	127,0	1.870,5
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erl.	451,0	451,0	505,8	-54,8	494,1
Sjúkradagpeningar	324,8	324,8	361,7	-36,9	323,8
Annað	240,6	261,2	343,8	-82,6	285,0
	36.051,4	39.942,1	40.014,0	-71,9	36.874,6
Fjármunatekjur:					
Fjármunatekjur, (-gjöld), nettó	0,0	0,0	13,9	-13,9	6,3
Gjöld samtals	36.051,4	39.942,1	40.000,1	-58,0	36.868,3
Gjöld umfram tekjur	36.051,4	39.942,1	40.000,0	-57,9	36.863,2

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu rekstrar en niðurstaða rekstrar fyrir árið 2016 var 40.000,0 m.kr. eða 57,9 m.kr. umfram fjárheimildir. Fjárlagaliðurinn er jafnaður í lokafjárlögum.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og er reglulega farið yfir frávik frá rekstraráætlun.

4.3 Niðurstaða

Tekjuhalli Sjúkratrygginga fyrir árið 2016 nam 57,9 m.kr. en fjárlagaliðurinn er jafnaður í lokafjárlögum. Rekstraráætlun er skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá henni innan ársins.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi reyndist skipulag innra eftirlits Sjúkratrygginga almennt vera í lagi. Verkaskipting í bókhaldi og skipting ábyrgðar er hluti af innra eftirliti sem stuðlar að áreiðanleika bókhalds. Vinnuferlar varðandi samþykkt réttinda eru almennt lagðir upp þannig að fleiri en einn starfsmaður koma að samþykkt þeirra. Þá geta aðilar sem telja að rangt sé úrskurðað um greiðslur frá Sjúkratryggingum kært til úrskurðarnefndar velferðarmála. Þó verður að segja að skilgreindar eftirlitsaðgerðir og úrvinnsla á þeim eru færri en æskilegt getur talist þar sem afgreiðsluverkefni hafa forgang og líttill tími er til að sinna sérstöku eftirliti með afgreiðslu réttinda. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að brugðist verði við þessu, þannig að meiri áhersla verði lögð á eftirlit með afgreiðslu réttinda. Jafnframt hefur Ríkisendurskoðun áður bent á þann möguleika að koma á innri endurskoðun þar sem unnið væri samkvæmt fyrirfram samþykktri áætlun um úttektir á eftirlitsaðgerðum og er sú ábending ítrekuð hér.

Afgreiðsla réttinda er að mestu leyti rafræn. Eftirlit með afgreiðslu réttinda er einnig að megninu til rafrænt og byggt inn í rafrænu afgreiðslukerfin. Sérstakt bókhaldskerfi (RKN) er notað til að halda utan um réttindagreiðslur en úr því færast upplýsingar yfir í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Öll kerfi sem Sjúkratryggingar nota við afgreiðslu réttinda eru sérsníðuð. Kerfin eru veigamikill hluti af innra eftirlitskerfi Sjúkratrygginga og því mikilvægt að öryggi og virkni þeirra séu tryggð með sem bestum hætti. Þar þarf ekki hvað síst að líta til þess að umsvif Sjúkratrygginga hafa aukist verulega með auknum verkefnum og upplýsingakerfum vegna þeirra hefur fjölgað töluvert. Ríkisendurskoðun hefur komið fram með ýmsar ábendingar á undanförunum árum í endurskoðunarskýrslum sem stuðlað gætu að auknu upplýsingaöryggi í kerfum Sjúkratrygginga. Þannig hefur m.a. verið bent sérstaklega á eftirfarandi atriði:

- Sett verði formleg upplýsingatæknistefna.
- Þjónustusamningar verði gerðir við rekstraraðila um tölvuþjónustu.
- Eigandi gagna verði skilgreindur og ábyrgð á gögnum skýr.
- Formlegt áhættumat verði gert og það endurskoðað með reglulegum hætti.
- Lágmarkskröfur verði settar til þeirra upplýsingakerfa sem senda inn rafræna reikninga.
- Lotun í upplýsingakerfum verði fyrir hendi þannig að hægt sé að gera afstemmingu milli einstakra réttindakerfa og bókhaldskerfis.

- Haldin verði kerfisbundin skrá yfir reikninga sem hafnað er að greiða og ástæður höfnunar.
- Aðgangsheimildir verði takmarkaðar enn frekar í raunumhverfi.
- Hugað verði betur að staðfestingu á móttöku vöru og þjónustu í rafrænu umhverfi.
- Einstök kerfi verði vottuð.

Ríkisendurskoðun mælist til að stjórnendur Sjúkratrygginga taki framangreindar ábendingar til skoðunar og setji aðgerðir sem tryggja upplýsingaöryggi í kerfum Sjúkratrygginga í forgang þannig að öryggi kerfanna verði sem best tryggt m.a. út frá réttmæti réttindakrafna í kerfunum.

5.3 Niðurstaða

Skipulag innra eftirlits er almennt í lagi hjá Sjúkratryggingum. Engu að síður þarf að huga betur að skilgreindum eftirlitsaðgerðum og úrvinnslu á þeim. Jafnframt hefur Ríkisendurskoðun áður bent á þann möguleika að koma á innri endurskoðun þar sem unnið væri samkvæmt fyrirfram samþykktri áætlun um úttektir á eftirlitsaðgerðum og er sú ábending ítrekuð hér. Auk þess er mikilvægt að auka upplýsingaöryggi í þeim kerfum sem notuð eru við afgreiðslu réttinda, sjá nánar umfjöllun hér að framan.

6 Samningar um heilbrigðisþjónustu

6.1 Inngangur

Meginverkefni Sjúkratrygginga Íslands er, eins og fram kemur í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, að annast framkvæmd sjúkratrygginga og semja um og greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma. Hlutverk stofnunarinnar er samkvæmt lögum að:

- Annast framkvæmd sjúkratrygginga.
- Semja um heilbrigðisþjónustu.
- Annast kaup á vöru og þjónustu sem stofnuninni ber að veita.
- Greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum.
- Hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum.
- Sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

6.2 Samningagerð og eftirlit

Á viðskiptasviði Sjúkratrygginga fer fram greining á þörfum sjúkratryggðra fyrir heilbrigðisþjónustu, m.a. með hliðsjón af magni, gæðum og kostnaði. Þar fer einnig fram allt ferli vegna innkaupa og samninga á heilbrigðisviði stofnunarinnar og gerð samninga vegna kaupa á heilbrigðisþjónustu, s.s. fyrir heilsugæslu, heilbrigðisstofnanir og daggjaldastofnanir.

Sjúkratryggingar hafa ákveðnum skyldum að gegna þegar kemur að eftirliti með samningum. Þannig hafa Sjúkratryggingar beint eftirlit með öllum samningum vegna réttindaflokka sem falla undir fjárlagalið 08-206 auk þess að eftirlitsþættir eru byggðir inn í réttindakerfin. Eftirlit er ekki með sama hætti með öðrum samningum Sjúkratrygginga sem falla utan fjárlagaliðar 08-206 vegna kaupa á annarri heilbrigðisþjónustu. Þessir samningar eru í einhverjum tilvikum viðskiptafærðir með einum eða öðrum hætti á fjárlagalið 08-206.

Ákveðin eftirlitsákvæði eru í samningum um magn og gæði þeirrar vöru og þjónustu sem verið er að kaupa auk þess sem oft eru ákvæði um uppgjör í samningnum. Þetta á sérstaklega við samninga sem falla utan fjárlagaliðar 08-206. Taka þarf m.a. ákvörðun um:

- Hvaða eftirlit þarf að vera til staðar og í hverju það felst þ.m.t. hver ber ábyrgðina á að eftirlit sé framkvæmt.
- Hverjir koma að eftirliti auk Sjúkratrygginga, s.s. velferðarráðuneyti eða landlæknisembætti.
- Hvernig eftirliti skuli háttað innan Sjúkratrygginga. Að mati Ríkisendurskoðunar væri æskilegt að aðskilja samningagerð og eftirlit með framkvæmd samninga í skipulagi stofnunarinnar. Þannig er eðlilegt að ekki komi sömu starfsmenn að samningagerð og eftirliti með samningagerðinni.

6.3 Niðurstaða

Sjúkratryggingar Íslands gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að samningagerð um heilbrigðisþjónustu auk þess að þær eiga að hafa ákveðið eftirlit með þeirri heilbrigðisþjónustu sem veitt er. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að taka skýrari ákvörðun um hvaða eftirlit þarf að vera til staðar og í hverju það felst. Ákveða þarf hverjir koma að eftirlitinu, auk Sjúkratrygginga og þá þarf að huga að því hvernig samingagerð og eftirliti með samningum skuli fyrir komið í skipulagi stofnunarinnar. Að mati Ríkisendurskoðunar væri æskilegt að í skipulagi kæmi fram skýr aðskilnaður samningagerðar og eftirlits með samningum.

7 Endurskoðun rekstrarliða

Útgjöld Sjúkratrygginga eru flokkuð í tólf fjárlagaviðfangsefni eftir tegundum réttinda. Í framhaldi af áhættugreiningu voru tvö viðfangsefni valin til frekari skoðunar á árinu 2016. Tilgangur með skoðun var að kanna almennt skipulag, afgreiðslu og eftirlit hjá Sjúkratryggingum vegna kostnaðar sem bókast á þau. Í þeirri skoðun felst öflun þekkingar á þeim verkefnum sem undir viðfangsefnið falla og því innra eftirliti sem er til staðar við afgreiðsluna, auk prófana á því ásamt frekari gagnaskoðun. Viðfangsefni sem tekin voru til skoðunar á árinu 2016 voru eftirfarandi:

- Þjálfun
- Tannlæknakostnaður

7.1 Þjálfun

Heildarútgjöld vegna þjálfunar (viðfang 1.31) námu 2.668,7 m.kr. eða um 6,7% af heildarkostnaði Sjúkratrygginga á árinu 2016. Hækkun útgjalda milli ára nam 17,3%. Mesta hækkunin milli ára á verðlagi hvors árs var vegna talþjálfunar eða 24,6%, þá var um 17,1% hækkun milli ára vegna sjúkraþjálfunar og 12,5% vegna iðjuþjálfunar. Endurgreiðsla á sjúklingahluta þjálfunar hækkaði um 9,2% milli ára og ýmis önnur þjálfun um 5,7%. Greiðslur vegna þjálfunar skiptust þannig að um 90,6% útgjalda voru vegna sjúkraþjálfunar, 6,6% vegna talþjálfunar og 1,2% vegna iðjuþjálfunar. Það sem eftir stendur eða um 1,6% kostnaðarins var vegna endurgreiðslu á sjúklingahluta þjálfunar og ýmis konar annarrar þjálfunar.

Farið var ítarlega yfir gildandi lög um endurgreiðslur vegna þjálfunar með sjúkraþjónustudeild tryggingasviðs svo og fyrirkomulagið á deildinni, afgreiðslur umsókna og hvernig farið er með vafamál og synjanir. Farið var yfir hvernig afgreiðslur eru unnar í kerfinu, hvers vegna greiðslum er synjað og hvernig synjanir fara fram. Farið var yfir afgreiðslur í sjúkraþjálfunarkerfinu sem verið er að leggja af en einnig var farið yfir það, hvernig nýtt kerfi, Gagni, vinnur.

Eftirlit með afgreiðslum endurgreiðslubeiðna á tryggingasviði Sjúkratrygginga felst m.a. í því að sendingar frá þjálfurum til Sjúkratrygginga sem eru ekki réttilega útfylltar, eru ekki afgreiddar og sendar til baka til viðkomandi þjálfara. Auk þess fara starfsmenn sjúkraþjónustudeildar í vettvangsferðir til þjálfara og kanna hvort endurgreiðslur hafi átt rétt á sér. Í þeim tilvikum sem viðkomandi þjálfari hefur fengið of mikið greitt hefur verið krafist endurgreiðslu á ofgreiðslum. Þá getur verið ákveðið aðhald af hálfu sjúkratryggðra því þeir hafa aðgang að upplýsingum um öll samskipti við þjálfara í gegnum réttindagátt Sjúkratrygginga.

Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir um að ekki er hægt að stemma stöðu í réttindakerfi vegna þjálfunar við bókhaldshluta RKN vegna ákveðinna tímabila. Gera verður þá kröfu að kerfin séu stemmd af þannig að tryggt sé að upplýsingar flytjist með réttum hætti yfir í reikningakerfi. Þannig verða færslur í reikningakerfi að bera með sér með skýrum hætti hvenær skuldbinding varð til í réttindakerfi. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til Sjúkratrygginga að

afstemmingarmál réttindakerfis vegna þjálfunar við reikningakerfi verði tekin til frekari skoðunar.

7.2 Tannlæknakostnaður

Heildarútgjöld vegna tannlækninga (viðfang 1.35) námu 3.157,4 m.kr. eða um 7,9% af heildarkostnaði Sjúkratrygginga á árinu 2016 en útgjöldin hækkuðu um 12,6% milli ára. Mesta hækkunin milli ára á verðlagi hvors árs var vegna annarra tannlækninga en tannréttinga eða 59,2% og 18,7% vegna barna og unglinga 17 ára og yngri.

Gerð var úrtaksskoðun á kostnaði vegna tannlækninga. Tekið var úrtak færslna í reikningakerfi og þær bornar saman við færslur í tannlæknaverfi. Unnið var með úrtak frá tímabilinu 1. janúar til 31. október 2016. Lögð var áhersla á að skoða óeðlilega háa liði og leiddi það til frekari skoðunar á tilteknum færslum. Úrtakskönnunin fór þannig fram að skoðaðar voru afgreiðslur sem samtals námu tæplega 227,2 m.kr. Niðurstaða þeirrar skoðunar leiddi í ljós að meirihluti færslna var án athugasemda og því afgreiddar áfram án frekari skoðunar. Færslum, sem tannlæknaverfið gerði athugasemd við, var hafnað en um var að ræða reikninga vegna sömu aðgerðar á sömu tönn innan 36 mánaða frá fyrri greiðsluþátttöku, of stutt var liðið síðan aðgerðin hafði farið fram.

Sérstaklega þarf að huga að kerfum sem notuð eru við afgreiðslu tannlæknakostnaðar m.a. með vottun þeirra þar sem afgreiðsla tannlæknakostnaðar er að öllu leyti rafræn og sjálfvirkt eftirlit í TLK-kerfi liggur til grundvallar greiðslum til tannlækna. Þetta tvennt, rafræn afgreiðsla tannlæknakostnaðar og að eftirlitið með greiðslum til tannlækna í TLK-kerfinu er sjálfvirkt, veldur því að brýn nauðsyn er á því að takmarka annars vegar aðgang að afgreiðslu tannlæknakostnaðar og hins vegar að viðeigandi kerfum. Þannig þarf kerfisaðgangur að vera mjög takmarkaður auk þess að tryggt þarf að vera að sjálfvirkt eftirlit vinni eins og ætlast er til af því. Reglulega þarf að kanna hvort afgreiðslur úr kerfinu séu með eðlilegum hætti. Það vantar eftirlitskerfi innan rafræna kerfisins en búið er að senda kröfulýsingu um það til tölvudeildar. Brýnt er að í þessu eftirlitskerfi verði fylgst sérstaklega með afgreiðslu bakfærðra reikninga.

Gerð er athugasemd við að ekki er hægt að stemma stöðu í TLK-kerfi við bókhaldshluta RKN vegna ákveðinna tímabila og gera verður þá kröfu að kerfin séu stemmd af þannig að tryggt sé að upplýsingar flytjist með réttum hætti yfir í reikningakerfi, sjá nánar umfjöllun í kafla 7.1 um afstemmingu réttindakerfis vegna þjálfunar og reikningakerfis.

7.3 Niðurstaða

Gerð er athugasemd við að ekki er hægt að stemma af stöðu í réttindakerfi vegna þjálfunar við bókhaldshluta RKN og er þeim tilmælum beint til Sjúkratrygginga að taka afstemmingarmál réttindakerfis vegna þjálfunar við reikningakerfi til frekari skoðunar. Með sama hætti þarf einnig að stemma TLK-kerfi vegna greiðslu tannlæknakostnaðar við bókhaldshluta RKN. Sérstaklega þarf að huga að kerfum sem notuð eru við afgreiðslu tannlæknakostnaðar, m.a. vottun þeirra, þar sem afgreiðsla tannlæknakostnaðar er að öllu leyti rafræn og sjálfvirkt eftirlit í TLK-kerfi liggur til grundvallar greiðslum til tannlækna. Reglulega þarf að gera kannanir á því

að afgreiðslur úr kerfinu séu með eðlilegum hætti. Það vantar eftirlitskerfi innan rafræna kerfisins en búið er að koma kröfulýsingu um það í ákveðinn farveg. Brýnt er að í þessu eftirlitskerfi verði fylgst sérstaklega með afgreiðslu bakfærðra reikninga.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 5.502,9 m.kr., skuldir námu 5.560,8 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 57,9 m.kr. Liðurinn er jafnaður út með lokafjárlögum.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting	
Eignir:				
<i>Fastafjármunir</i>				
Langtímakröfur	24.045	44.045	-20.000	
<i>Veltufjármunir</i>				
Ríkissjóður	4.533.748	109.382	4.424.366	
Viðskiptakröfur	519.387	2.254.114	-1.734.727	
Sjúkrakostnaður vegna EES-landa	405.708	241.100	164.608	
Næsta árs afborgun af langtímakröfu	20.000	8.000	12.000	
	5.478.844	2.612.596	2.866.248	
	Eignir samtals	5.502.889	2.656.641	2.846.248
Eigið fé og skuldir:				
<i>Eigið fé</i>				
Höfuðstóll	-57.917	-1.181.636	1.123.719	
<i>Skuldir</i>				
Yfirdráttur á bankareikningum	3.552.344	1.895.218	1.657.126	
Staðgreiðsla skatta	12.952	1.246	11.706	
Aðrar skammtímaskuldir	1.995.510	1.941.813	53.697	
	5.560.807	3.838.277	1.722.530	
	Eigið fé og skuldir samtals	5.502.889	2.656.641	2.846.248

8.1 Eignir

8.1.1 Langtímakröfur

Langtímakröfur námu 24,0 m.kr. í árslok 2016 samanborið við 44,0 m.kr. í árslok 2015. Um er að ræða langtímakröfur vegna samnings við Inter Media ehf. um leigu ínsúlíndæla en í samningnum er ákvæði um yfirtöku á búnaði í eigu Sjúkratrygginga gegn 56,0 m.kr. greiðslu. Tvær greiðslur hafa þegar verið inntar af hendi í samræmi við samninginn en þriðja og næstsíðasta greiðsla sem koma átti til greiðslu skv. samningi í byrjun árs 2017 er færð meðal veltufjármuna í árslok 2016.

8.1.2 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 4.533,7 m.kr. í árslok 2016 og hafði hækkað um 4.424,4 m.kr. frá fyrra ári. Inneignin kemur á móti yfirdrætti í Seðlabanka Íslands, sjá nánar umfjöllun í kafla 8.2.2.

8.1.3 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 519,4 m.kr. í árslok 2016 sem er lækkun um 1.734,7 m.kr. frá fyrra ári. Lækkun milli ára skýrist aðallega af því að í lok síðasta árs var fyrirframgreiðsla janúarmánaðar að fjárhæð 1.806,3 m.kr. til hjúkrunar- og dvalarheimila greidd af fjárlagalið 08-206 þar sem sérstakur fjárlagaliður 08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld var ekki stofnaður fyrr en á árinu 2016. Greiðslan var gerð upp og gjaldfærð á fjárlagalið 08-403 á árinu 2016.

Á árinu 2016 var kostnaður vegna ýmissa verkefna velferðarráðuneytis viðskiptafærður og greiddur af Sjúkratryggingum. Um er að ræða verkefni sem greiðast skulu af öðrum fjárlagaliðum velferðarráðuneytis, m.a. vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, biðlistaaðgerða og ADHD verkefnis. Í árslok var staðan sú að óuppgerður viðskiptafærður kostnaður vegna þessara verkefna nam 416,6 m.kr. hjá Sjúkratryggingum. Ítrekuð er ábending Ríkisendurskoðunar frá síðasta ári þar sem bent var á að eðlilegra væri að kostnaðurinn væri greiddur og bókfærður beint í Orra á þann fjárlagalið sem ætlaður er fyrir hvert verkefni. Ekki er tekin afstaða til þess hvort það er gert með eða án milligöngu Sjúkratrygginga. Brugðist hefur verið við þessari ábendingu Ríkisendurskoðunar á árinu 2017 en samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum eru flestar greiðslur sem Sjúkratryggingum er falið að annast komnar í það ferli að kostnaður er bókfærður beint í Orra, en fara samt sem áður í gegn um RKN. Eftir standa þó nokkrir liðir sem eru í vinnslu.

Nokkuð er um kröfur sem staðið hafa óhreyfðar í bókhaldi stofnunarinnar. Ítrekuð er ábending um að farið verði kerfisbundið yfir allar eldri kröfur og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Að hluta til hefur það verið gert og óskað eftir afskrift á hluta þessara krafna. Auk þess voru færðar niður kröfur, eldri en fjögurra ára á einstaklinga með óbeinni afskrift. Þannig voru 6,8 m.kr. færðar niður með óbeinni afskrift en fjárhæðin er flokkuð með skuldum í ársreikningi. Ítrekað er að velferðarráðuneyti geri upp kröfu vegna Sólvangs að fjárhæð 7,4 m.kr. en krafan er frá árinu 2006 og fylgdi Sjúkratryggingum þegar verkefnum Tryggingastofnunar ríkisins var skipt um milli Sjúkratrygginga og Tryggingastofnunar.

Í árslok 2016 er ekki lengur skráð 50,0 m.kr. krafa á Sjúkratryggingar Íslands en um var að ræða eins konar deponeringu vegna greiðslu á kröfum í erlendri mynt af gjaldeyrisreikningi Sjúkratrygginga Íslands vegna fjárlagaliðar 08-206.

Vinnulag við innheimtu krafna er með þeim hætti hjá Sjúkratryggingum að starfsmenn innan viðkomandi deilda koma að því að ítreka kröfur. Í þeim tilvikum sem ekki tekst að innheimta þær á að gera fjármálasviði viðvart sem tekur þá við innheimtunni. Við síðustu endurskoðun voru gerðar ákveðnar ábendingar um þetta fyrirkomulag og eru þær ítrekaðar hér. Þannig er bent á að skriflegar verklagsreglur þurfa að vera fyrirbyggjandi þar sem skýrt kemur fram hvernig staðið er að innheimtunni og hvaða starfsmenn beri þar ábyrgð. Bent var á að heppilegra væri að fjármálasvið hefði stærra hlutverk í innheimtuferlinu. Jafnframt hefur verið

bent á að gera þyrfti innheimtuferlið skilvirkara. Fjöldi krafna á einstaklinga er um 1.700 í árslok 2016. Um er að ræða kröfur sem myndast í réttindakerfum vegna ofgreiddra réttinda. Ákveða þarf til hvaða aðgerða er rétt að grípa þegar ekki tekst að fá kröfur endurgreiddar og hvernig á að fara með kröfur þegar fjárhæðir eru lágar. Ríkisendurskoðun beinir því þeim tilmælum til Sjúkratrygginga að settar verði nánari reglur eða reglugerð um innheimtu í samráði við velferðarráðuneyti.

8.1.4 Sjúkrakostnaður vegna EES-landa

Kröfur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar vegna ósjúkratryggðra hér á landi námu 405,7 m.kr. í árslok 2016 og höfðu hækkað um 164,6 m.kr. frá fyrra ári. Hér er um að ræða kröfur á 31 land innan EES-svæðisins en hæstu kröfur á einstök lönd eru 108,4 m.kr. á Bretland, 88,1 m.kr. á Þýskaland og 40,1 m.kr. á Sviss.

Innheimtuferli þessara krafna hefur verið þungt í vöfum en hefur batnað umtalsvert á síðustu árum þar sem verkferlar við innheimtu krafnanna hafa verið bættir. Skilgreindur endurgreiðslutími krafna hefur auk þess verið stytur og er nú 18 mánuðir. Starfsmaður reikningshalds fer á ráðstefnu árlega þar sem tekin eru fyrir álitamál milli ríkja og þau leyst. Reglur um innheimtuferli þessara krafna hafa ekki verið formlega samþykktar m.a. þar sem verið er að skoða reglurnar í samhengi við ákvörðun um að Sjúkratryggingar Íslands verði pappírslaus stofnun. Ríkisendurskoðun mælist til að þeirri vinnu verði hraðað þannig að hægt verði að skjalfesta verklagsreglur og vinnulag um innheimtuna með formlegum hætti.

8.1.6 Næsta árs afborgun af langtímakröfu

Í árslok 2016 er bókuð næsta árs afborgun af langtímakröfum. Um er að ræða kröfu á hendur Inter Media ehf., sjá 8.1.1. Bókun er í samræmi við samning við fyrirtækið og fékkst hún greidd á árinu 2016.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll fjárlagaliðar 08-206 Sjúkratryggingar sýnir rekstrarárangur gagnvart fjárheimildum. Með lokafjárlögum hvers árs er þessi staða síðan jöfnuð út. Í lok ársins 2016 sýnir því höfuðstóllinn að rekstur ársins var 57,9 m.kr. umfram fjárheimildir á árinu 2016.

8.2.2 Yfirdráttarlán

Yfirdráttur á bankareikningi í Seðlabanka Íslands nam 3.552,3 m.kr. í árslok 2016.

Ríkisendurskoðun telur óheppilegt að greiðslum inn á bankareikning sé ekki betur stýrt og í samræmi við þær fjárveitingar sem búið er að samþykkja í fjárlögum. Óskað er eftir að skoðað verði með Fjársýslu ríkisins hvort ekki sé hægt að stilla greiðslum betur í samræmi við fjárveitingar á fjárlagaliðinn. Vakin er athygli á að samkvæmt reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta er ríkisstofnunum óheimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

8.2.3 Staðgreiðsla skatta

Í lok árs 2016 var 12,9 m.kr. skuld vegna ógreiddrar staðgreiðslu af sjúkradagpeningum. Skuldin var greidd til embættis Tollstjóra í byrjun janúar 2017.

8.2.4 Viðskiptaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir námu 1.995,5 m.kr. í árslok 2016 og höfðu aukist um 53,7 m.kr. frá síðasta ári. Að stærstum hluta er um að ræða skuldir við sjúkrastofnanir og birgja vegna aðkeyprtar vöru og þjónustu eða 1.350,2 m.kr. og skuldir við einstaklinga að fjárhæð 156,8 m.kr. en um er að ræða inneignir sjúkratryggðra hjá Sjúkratryggingum. Auk þess eru skuldir við aðildarríki á EES-svæðinu vegna sjúkratryggðra hér á landi 247,4 m.kr. færðar meðal annarra viðskiptaskulda svo og áætlaður ógreiddur kostnaður að fjárhæð 144,3 m.kr. vegna S-merktra lyfja.

Meðal ógreidds kostnaðar eru færðar inneignir sjúkratryggðra hjá Sjúkratryggingum. Í árslok 2016 áttu um 10.600 einstaklingar inneign hjá Sjúkratryggingum samtals að fjárhæð 48,9 m.kr. Í flestum tilvikum er um lágar fjárhæðir að ræða. Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun gert athugasemdir við fjölda þeirra sem átt hafa inneignir hjá Sjúkratryggingum sem ekki hefur tekist að greiða út. Samkvæmt svörum Sjúkratrygginga hefur verið bætt úr þessu að nokkru leyti með samstarfi við Fjársýslu ríkisins. Öflun upplýsinga um bankareikninga er nú með reglubundnum hætti og í framhaldi af því hefur verið unnt að greiða út fjölda krafna. Í árslok 2016 var þó fjöldi inneigna sem ekkert höfðu hreyfst frá fyrra ári um 2.200 sem samtals námu um 11,9 m.kr. Ríkisendurskoðun hvetur Sjúkratryggingar áfram til að leita leiða til að koma þessum inneignum til réttara aðila m.a. með því að kynna réttindagáttina betur fyrir almenningi.

Við endurskoðun undanfarinna ára hefur verið gerð athugasemd við að ekki eru gerðar afstemmingar við stærstu lánardrottna þ.m.t. heilbrigðisstofnanir. Samkvæmt upplýsingum Sjúkratrygginga hefur ekki tekist að efla uppgjörsvinnu innan fjármálasviðs. Fyrri ábendingar Ríkisendurskoðunar eru því ítrekaðar en að mati Ríkisendurskoðunar þyrfti að efla uppgjörsvinnu innan fjármálasviðs stofnunarinnar og koma á vinnulagi á afstemmingarvinnu við stærstu lánardrottna. Einnig hefur Ríkisendurskoðun bent á að skoða þurfi afgreiðsluferli reikninga sem eru aðeins samþykktir að hluta til greiðslu. Tryggja þarf að sá hluti kostnaðar sem ekki á að greiða sé bakfærður hjá viðkomandi kröfuhöfum. Jafnframt er bent á að í nýjum lögum um opinber fjármál er gerð ríkari krafa um samræmi í innbyrðis viðskiptum og uppgjöri milli aðila innan ríkisins.

Frá árinu 2014 hafa erlendar skuldir vegna sjúkratryggðra hér á landi á EES-svæðinu verið skráðar handvirkt í reikningakerfið. Um er að ræða kröfur aðildarríkja á EES-svæðinu á hendur Sjúkratryggingum vegna útlagðs sjúkrakostnaðar í viðkomandi landi vegna sjúkratryggðra hér á landi. Sérstakt kerfi sem fyrirhugað var að taka í notkun á árinu 2017 hefur ekki enn verið tekið í notkun. Sömu starfsmenn og annast innheimtu krafna á EES-svæðinu sjá einnig um uppgjör skulda þegar um er að ræða kostnað hér á landi vegna sjúkratryggðra á EES-svæðinu. Verklagsreglur og vinnulýsingar um uppgjör erlendra skulda eru til í drögum. Formleg samþykkt hefur tafist m.a. vegna ákvörðunar um að Sjúkratryggingar Íslands verði pappírslaus stofnun.

Hluti ógreidds kostnaðar á tegund 2276 er enn færður á kennitölu Tryggingastofnunar ríkisins. Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að þetta verði tekið til skoðunar og viðeigandi leiðréttingar gerðar.

8.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á nokkur atriði sem varða efnahagsreikning fjárlagaliðarins. Að hluta til hefur verið brugðist við þeim ábendingum af hálfu stofnunar á árinu 2017.

- Ítrekuð er athugasemd við greiðslu- og bókhaldstillögum á ýmsum verkefnum sem velferðarráðuneyti hefur falið Sjúkratryggingum að annast en samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum eru flestar greiðslur sem Sjúkratryggingum er falið að annast komnar í það ferli að kostnaður er bókfærður beint í Orra. Eftir standa nokkrar greiðslur en vinna við að bókfæra þær í Orra stendur yfir. Í lok árs 2016 var krafa á velferðarráðuneyti 416,6 m.kr. vegna þessara verkefna.
- Ekki eru fyrirbyggjandi formlegar verklagsreglur og vinnulýsingar vegna innheimtu krafna. Í einhverjum tilvikum eru slíkar verklagsreglur til í drögum. Ítrekuð er ábending um að útgáfu slíkra reglna verði hraðað og sérstaklega verði hugað að skilvirkni innheimtuferils og aðkomu fjármálasviðs að innheimtunni við gerð slíkra reglna. Ríkisendurskoðun beinir því þeim tilmælum til Sjúkratrygginga að setja nánari reglur eða reglugerð um innheimtuna í samráði við velferðarráðuneyti.
- Setja þarf verklagsreglur um greiðslu og uppgjör skulda hjá Sjúkratryggingum. Fara þarf yfir verklag við uppgjör og greiðslu til lánardrottna m.a. með því að koma afstemmingarvinnu við stærstu lánardrottna í ákveðið ferli. Halda þarf áfram að finna leiðir til að koma inneignum til viðkomandi einstaklinga m.a. með því að kynna betur réttindagátt stofnunarinnar fyrir almenningi.

9 Önnur atriði

9.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Sjúkratrygginga var samþykktur af stjórn, forstjóra og aðalbókara Sjúkratrygginga Íslands án fyrirvara 10. ágúst 2107.

9.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi en samkvæmt upplýsingum stjórnenda eru engin málaferli í gangi vegna fjárlagaliðar 08-206.

9.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Sjúkratryggingum.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is